



Fréttatilkynning  
19 August 2024 09:00:00 GMT

## Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – vika 33

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka hf. sem birt var 14. júní 2024 um framkvæmd endurkaupaáætlunar á eigin bréfum.

Í viku 33 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 623.316 eigin hluti að kaupverði alls kr. 64.106.877 eins og nánar er greint frá hér á eftir:

Dagsetning	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð (kr)	Eigin hlutir eftir viðskipti
13.08.2024	13:50:33	12.658	103,00	1.303.774	85.577.098
14.08.2024	11:13:18	200.000	102,50	20.500.000	85.777.098
14.08.2024	12:43:40	100.000	102,00	10.200.000	85.877.098
14.08.2024	14:35:50	100.000	102,00	10.200.000	85.977.098
16.08.2024	13:39:09	10.658	103,50	1.103.103	85.987.756
16.08.2024	15:32:29	200.000	104,00	20.800.000	86.187.756
	<b>Samtals vikan</b>	<b>623.316</b>		<b>64.106.877</b>	

Fyrir framangreind viðskipti í viku 33 átti bankinn 85.564.440 hluti, sem nemur 4,28% af útgefnum hlutum. Í þessari umferð endurkaupa hefur bankinn keypt 8.897.619 hluti, sem nemur 0,44% af útgefnum hlutum og nemur heildarkaupverð eigin hluta samtals kr. 891.543.640 í umferðinni.

Í þessari umferð endurkaupa er áætlað að kaupa allt að 11 milljón hluti sem jafngildir 0,55% af útgefnu hlutafé bankans, þó þannig að heildarfjárhæð endurkaupanna að þessu sinni verði aldrei meiri en samtals kr. 1.000.000.000. Endurkaupunum var haldið áfram 18. júní síðastliðinn og munu standa yfir þar til öðru hvoru framangreindra viðmiða um magn eða fjárhæð er náð, en þó aldrei lengur en til 30. september 2024.

Frá upphafi endurkaupa í febrúar 2023 hefur bankinn keypt samtals 86.187.756 eigin hluti eða sem nemur 4,31% af útgefnum hlutum í bankanum.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar verður í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596 /2014 og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglugerðar nr. 320/2022 um sama efni. Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirliggjandi.



Fréttatilkynning  
19 August 2024 09:00:00 GMT

*Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, varðandi endurkaupaáætlunina sem lýst er að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlökkverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.*

**Frekari upplýsingar veita:**

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is)  
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, [pr@islandsbanki.is](mailto:pr@islandsbanki.is)

**Viðhengi**

**[Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – vika 33](#)**